

**Vatnsból við Hallland á Svalbarðsströnd -
verndarsvæði**

Halldór G. Pétursson

Unnið fyrir Svalbarðsstrandarhrepp

NÍ-98025

Akureyri, desember 1998



1 INNGANGUR

Þessi skýrsla er unnin að beiðni sveitarstjóra Svalbarðsstrandarhrepps og fjallar um ástand og verndarsvæði vatnsbóla bæjarins Halllands á Svalbarðsströnd. Vatnsbólín eru í lindum undir Halllandsklettum í Vaðlaheiði og þaðan er vatn leitt í íbúðarhúsin og útihúsin á Halllandi. Auk er tekið þarna neysluvatn tveggja annara íbúðarhúsa og tjaldstæðisins og ferðapjónustunnar á Húsabrekku. Þá er einnig mögulegt að fleiri íbúðarhús syðst á Svalbarðsströnd taki í framtíðinni neysluvatn sitt úr lindunum undir Halllandsklettum.

Á þessum hluta Svalbarðsstrandar eru fáar hentugar lindir og í þessum hluta hreppsins er neysluvatnsöflun töluvert vandamál. Áður hefur verið fjallað um önnur vatnsból í hreppnum og verndarsvæði umhverfis þau (Halldór G. Pétursson 1994). Þá hefur einnig verið fjallað almennt um lindir og grunnvatn á Svalbarðsströnd, en þess má geta að mikið og gott grunnvatn sprettur upp úr sprungum við rætur Gæsadals á Víkurskarði (Halldór G. Pétursson 1988a, 1988b). Þar er auðlind sem nauðsynlegt er að vernda, því að þarna er hægt að ná miklu og góðu neysluvatni.

2 VATNSBÓL HALLLANDS

Vatnsból Halllands eru lindir sem spretta upp í brekkurótum undir Halllandsklettum í Vaðlaheiði. Er vatnið tekið úr þremur lindum, en aðallega úr tveimur, nyrst og syðst á svonefndum Veghjalla, en hann er nefndur eftir gömlum vegi sem liggur þarna upp á Vaðlaheiðina. Þessar lindir munu vera þær sem aldrei þverra af öllum þeim uppsprettum sem koma upp undir klettunum.

Nyrst er um að ræða tvær lindir sem tengdar hafa verið saman og kemur nyrðri lindin upp undan stórum steini á flatanum rétt undir brekkurótum. Yfir lindina hefur nýlega verið settur stór tréhlemmur, þannig að ekki er hægt að telja vatnsbólið opið. Hin lindin er rétt sunnan við og aðeins hærra uppi í brekkurótunum. Þar hefur röri verið stungið eins langt og hægt er inn í uppsprettuna, en að öðru leyti er vatnsbólið opið. Syðsta lindin kemur einnig upp á flatanum rétt undir brekkurótum og þar hefur einnig nýlega verið lagður stór tréhlemmur yfir hana. Ekki hefur verið girt utan um lindirnar, en lítil rafgirðing sett upp að sumri, til að halda kvikfénaði í burtu ætti að vera fullnægjandi. Eins og er virðist umbúnaður við vatnsbólín nokkuð traustur og öruggur, en lokaðir brunnar eða tunnur væru öruggari. Það kæmi alveg í veg fyrir að t.d. jarðvegsgerlar bærust í vatnið. Hrun og skriðuhætta er nokkur úr Halllandsklettum og fjallshlíðinni þar ofan við. Falla skriður af og til fram af klettunum og má víða sjá ummerki um þær, sem og eftir grjóthrun. Á hjallanum er víða mýrlent og stundum er þar nokkuð vatnssull, t.d. í rigningum og leysingum. Þó er greinilegt að vatn stendur ekki uppi umhverfis sjálfar lindirnar.

Sennilega tengist vatnsuppkoman á þessum slóðum brotalínu, sem gengur langs eftir hlíðinni alveg undir Halllandsklettum. Brotalínustefna á Svalbarðsströnd er frá norðri til suðurs og er líklegt að berggangur eða misgengi leiði upp vatnið, frekar en það tengist lagskiftingu í berggrunninum.

3 VATNSVERNDARSVÆÐI


Á mynd 1 eru vatnsverndarsvæðin umhverfis vatnsból Halllands sýnd. Brunnsvæðin eru nánasta umhverfi lindanna og væri æskilegt að þau væru girt a.m.k. með léitri rafgirðingu. Grannsvæði er svo brekkan ofan við og upp fyrir Halllandskletta. Vegna þess hve nærri brekkurótum lindirnar koma upp, þá þarf grannsvæðið ekki að ná langt út á Veghjalla. Aftur á móti þarf grannsvæðið að teygja sig norður og upp eftir hlíðinni, meðfram gamla vegslóðanum. Það er vegna þess að vatnið er talið koma upp við brotalínu sem liggur langs eftir fjallshlíðinni. Fjarsvæðið teygir sig svo áfram upp fjallshlíðina ofan við og upp á brún að vatnaskilum.

4 HEIMILDIR

Halldór G. Pétursson 1988a: Grunnvatn í nágrenni Svalbarðseyrar. Náttúrufræðistofnun Norðurlands, greinargerð. 6 bls.

Halldór G. Pétursson 1988b: Lindakönnun á Svalbarðsströnd. Náttúrufræðistofnun Norðurlands, greinargerð. 3 bls.

Halldór G. Pétursson 1994: Verndarsvæði vatnsbóla Svalbarðseyrar. Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri, greinargerð. 5 bls.



Mynd 1: Verndarsvæði vatnsbóla Halllands á Svalbarðsströnd.

Brunnsvæði
 Grannsvæði
 Fjarsvæði